

# Drög að breytingu á viðmiðunarstundaskrá í aðalnámskrá grunnskóla frá 2011

Mennta- og menningarmálaráðuneytið óskar eftir umsögnum um tillögu að breytingu á gildandi viðmiðunarstundaskrá grunnskóla frá 2011 sem hefur verið óbreytt síðan.

Tilefni breytinganna er móton menntastefnu til ársins 2030 á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis þar sem áhersla er á að veita framúrskarandi menntun með áherslu á þekkingu, vellíðan, þrautseigju og árangur í umhverfi þar sem allir skipta máli og geta lært.

Með þessum breytingum færst íslensk viðmiðunarstundaskrá grunnskóla nær meðaltali í móðurmáli- og náttúrufræðigreinum hjá nágrannabjóðaþjóðum okkar. Ísland er nú með lægst hlutfall tíma til kennslu móðurmáls í 1.-7. bekk grunnskóla og einnig í náttúrufræði í 8.-10. bekk samanborið við nágrannalönd okkar.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið beitir sér jafnframt fyrir aukinni áherslu á íslensku í öðrum námssviðum og í samfélaginu almennt í samræmi við þingsályktun um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi sem samþykkt var á Alþingi vorið 2019. Þá er unnið að móton starfspróunarnámskeiða fyrir starfandi kennara sem ætlað er að efla leiðtoga á námssviðunum íslensku, náttúrufræði og stærðfræði, unnið að stofnun fagráða á sömu námssviðum og eftirfylgni með því að skólar uppfylli til fulls hlutfall lágmarks kennslutíma samkvæmt viðmiðunarstundaskrá grunnskóla í list- og verkgreinum.

Breytingarnar á viðmiðunarstundaskrá fela í sér að á yngsta stigi grunnskóla (1.-4. bekk) verður gert ráð fyrir að meiri tíma verði varið til íslensku, að meðaltali tæplega 80 mínútur á viku í hverjum árgangi. Á miðstigi grunnskóla (5.-7. bekk) er einnig gert ráð fyrir meiri tíma til íslensku kennslu að meðaltali tæplega klukkustund á viku í hverjum árgangi.

Með því fer hlutfall íslensku á viðmiðunarstundaskrá grunnskóla úr 18.08% í 21.5%. Grunnskólar hafa svigrúm og sveigjanleika innan hvors stigs til að útfæra þessa aukningu. Jafnframtafellur niður svigrúm grunnskóla til ráðstöfunar tíma á yngsta- og miðstigi grunnskóla, en algengt er að skólar nýti hluta þess tíma til lestrar- og íslensku kennslu.

Á unglingsastigi (8.-10. bekk) er gert ráð fyrir aukinni áherslu á náttúrugreinar og í stað þess verði dregið úr vali nemenda. Aukningin er veruleg og er að meðaltali 120 mínútur á viku í hverjum árgangi. Að sama skapi er dregið úr vali nemenda sem því nemur. Hlutfall náttúrugreina í viðmiðunarstundaskrá grunnskóla fer við þessa breytingu úr 8.33% í rúmlega 11%.

Einnig má benda á viðvarandi slakan árangur í íslensku og náttúrufræði sem hefur birst í niðurstöðum PISA, sem er alþjóðleg rannsókn á vegum OECD og er framkvæmd á þriggja ára fresti með þátttöku 15 ára nemenda. Næsta fyrirlögn PISA er áformuð vorið 2022.

Stefnt er að því að breytingarnar taki gildi frá og með skólaárinu **2021-2022**.

Núgildandi viðmiðunarstundaskrá:

Námsgreinar – Námssvið	1.-4. bekkur	5. – 7. bekkur	8. – 10. bekkur	Vikulegur kennslutími	Vikulegur kennslutími
	Heildartími í 1. - 4. bekk. Mínútur á viku	Heildartími í 5. - 7. bekk. Mínútur á viku	Heildartími í 8. - 10. bekk. Mínútur á viku	Heildartími í 1. - 10. bekk. Mínútur á viku	Hlutfall

Íslenska, íslenska sem annað tungumál og íslenskt táknmál	1.120	680	630	2.430	18,08%
Erlend tungumál; enska, danska eða önnur Norðurlandamál	80	460	840	1.380	10,27%
	900	840	340	2.080	15,48%
Náttúrugreinar	420	340	360	1.120	8,33%
Skólaíþróttir	480	360	360	1.200	8,93%
Samfélagsgreinar; trúarbragðafræði, lífsleikni, jafnréttismál, siðfræði	580	600	360	1.540	11,46%
Stærðfræði	800	600	600	2.000	14,88%
Upplýsinga- og tæknimennt	120	160	80	360	2,68%
Til ráðstöfunar /Val	300	160	870	1.330	9,90%
<b>Alls</b>	<b>4.800</b>	<b>4.200</b>	<b>4.440</b>	<b>13.440</b>	<b>100%</b>

Breytingartillaga (breytingar merktar með rauðu):

Námsgreinar – Námssvið	1.-4. bekkur	5. – 7. bekkur	8. – 10. bekkur	Vikulegur kennslutími	Vikulegur kennslutími
	Heildartími í 1. - 4. bekk. Mínútur á viku	Heildartími í 5. - 7. bekk. Mínútur á viku	Heildartími í 8. - 10. bekk. Mínútur á viku	Heildartími í 1. - 10. bekk. Mínútur á viku	Hlutfall
Íslenska, íslenska sem annað tungumál og íslenskt táknmál	1.420	840	630	2.890	21,50%
Erlend tungumál; enska, danska eða önnur Norðurlandamál	80	460	840	1.380	10,27%
	900	840	340	2.080	15,48%
Náttúrugreinar	420	340	720	1480	11,01%
Skólaíþróttir	480	360	360	1.200	8,93%
Samfélagsgreinar; trúarbragðafræði, lífsleikni, jafnréttismál, siðfræði	580	600	360	1.540	11,46%
Stærðfræði	800	600	600	2.000	14,88%
Upplýsinga- og tæknimennt	120	160	80	360	2,68%
Til ráðstöfunar /Val	0	0	510	510	3,79%
<b>Alls</b>	<b>4.800</b>	<b>4.200</b>	<b>4.440</b>	<b>13.440</b>	<b>100%</b>